



Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar Alþingis.
C/O Þorsteinn Magnússon,
Þórshamri.

REYKJAVÍK 5. mars, 1991.

Alþingi

Erindi nr. Þ 1131 791

komudagur 513 1991

Umsögn um frumvarp til laga um "fjárfestingar erlendra aðila".

Í upphafi vil ég biðjast velvirðingar á því hve seint þessi umsögn kemur, en vegna anna við önnur verkefni reyndist ekki unnt að svara þessari beiðni fyrr. Umsögnin er álit Hagdeildar ASÍ, og hefur ekki verið afgreidd af miðstjórn sambandsins.

Efnahagslíf heimsins stefnir sífellt í þá átt að verða æ samtvinnaðra, landamæri skipta ekki eins miklu máli í efnahagslegu tilliti eins og áður var. Það hlýtur því að vera mjög nauðsynlegt að setja skýrar reglur um hvernig ætlunin sé að þessum málum sé háttað hér á landi í framtíðinni. Að þessu leyti er frumvarpið mjög tímabært, og ASÍ styður að reynt verði að setja reglur um þessi mál.

Það skiptir hins vegar miklu máli að menn geri sér grein fyrir því að fjárfestingum erlendra aðila er ekki auðveldlega stjórnað með lögum og reglum. Sagan segir að lög einstakra ríkja eiga erfitt með að stöðva áætlanir fjölþjóðafyrirtækja ef svo ber undir. Þetta ber að hafa í huga t.d. í sambandi við 4. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um ýmsar reglur um takmarkanir á eignaraðild útlendinga. Hámarkseignarhlutfall eða hámarksupphæð hlutafjár er ekki alltaf einhlítur mælikvarði á að yfirráð íslendinga sé tryggð í hlutafélagi. Oft er eignaraðild mjög dreifð og ekki þarf háa hlutfallslega eign til þess að ná yfirráðum í fyrirtækjum.

Það getur verið skynsamlegt að erlent áhættufé geti í ríkari mæli komið í stað erlends lánsfjár til fjárfestinga í atvinnurekstri hér á landi. Það er þó háð því að öll fyrirtæki hér á landi, hvort sem þau eru í eigu útlendinga og hvort sem þau starfa hér í lengri eða skemmri tíma fari í einu og öllu eftir þeim reglum og hefðum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Þetta á við um kjarasamninga í viðkomandi starfsgreinum svo og reglur um öryggi og hollustuhætti, aðbúnað o.s.frv.

Komi til þess að fjárfestingar erlendra aðila aukist hér á landi er ekki ólíklegt að það verði á sviði orkufreks iðnaðar. Í því sambandi þarf að gæta sérstaklega að öllum reglum í sambandi við vinnuumhverfi og umhverfisvernd, þannig að við séum í stakk búin til þess að mæta þeim vandamálum sem þar kunna að koma upp.

Þá vil ég benda á að reglur um fjárfestingu erlendra aðila á Evrópska efnahagssvæðinu, ef af verður, kunna að víkja að einhverju leyti frá þeim lögum sem

nú er verið að fjalla um. Um það mál hlýtur að verða að fjalla sérstaklega þegar samningur um EES liggur fyrir.

Að lokum við ég ítreka jákvæða afstöðu gagnvart meginefni frumvarpsins. Mikiivægt er að samræma nógildandi lög og reglugerðir nýjum aðstæðum og vera vakandi fyrir breytingum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi. En það er grundvallarforsenda að þátttaka útlendinga í íslenskum atvinnurekstri hrófli ekki að neinu leyti við þeim reglum og hefðum sem hér gilda.

Virðingarfyllst,
f.h. ASÍ,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Ari Skúlason". The signature is written in a cursive style and is underlined.

Ari Skúlason.